

Ár 1975, miðvikudaginn 24. september, var í málinu nr. 3/1975  
kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd evohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Málavertir eru þeir, að með bréfi frá 21. janúar 1975 kærði  
Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur fasteignamat húsnæðisráðs  
Vesturberg 144 í Reykjavík, en með mati millimatsmanna í Reykjavík  
frá 23.12.1974, var eign þessi metin á kr. 8.420.000,- . Er kærán  
reist á því, að matið sé alltof hátt og geti ekki verið í noina  
sambengi við byggingarstig þess og verðlag 1969/1970, eins og  
nánar er rökstutt í ofangreinda bréfi.

Athugun að hálfu Yfirfasteignamatnefndar þykir leiða nægilega  
í ljós, að í fyrrgreindu mati millimatsmanna sé tekið tillit til  
þess að byggingu húsnæðis er ekki að fallu lokis, Verður ekki  
fallist á, að mat millimatsmanna sé óeðlilega hátt. Samkvæmt því  
verður kærán ekki tekin til greina.

Ú R S K U R Ð A R Ö R Ð :

Ofangreind kærán er ekki tekið til greina.

Gaukur Jónsson

Torfi Ásgeirsson

Magnús Thoróddson